

Stjórnarfundur FHB 13.12.2013 kl. 11 haldinn í Bændahöllinni.

Mættir voru Sveinn Steinarsson formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Eysteinn Leifsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár. Í máli hans kom fram að Ólafur Einarsson stjórnarmaður hefur ákveðið að draga sig í hlé og mun Eysteinn Leifsson fyrsti varamaður taka sæti hans í stjórn. Ólafi Einarssyni þakkað fyrir hans vinnuframlag sem stjórnarmaður fhb um langt árabíl.

Lögð voru fram drög að fundarplani fyrir komandi ár og stjórn skipti með sér verkum og er hlutverkaskipan óbreytt.

Rætt um drög að **reglugerð um velferð hrossa**, stjórnarmenn höfðu farið yfir hana og BÍ og fagråd sent inn athugasemdir. Ekki voru fleiri athugasemdir gerðar af hálfu Fhb.

Vinnu- og siðareglur kynbótadómara til umræðu. Sigbjörn vék af fundi á meðan. Magnús lagði áherslu á að ekki mætti hafa vanhæfisreglurnar svo stífar að margir hæfir einstaklingar detti út. Nauðsynlegt sé að vera með fólk í dómstörfum sem hefur vit og áhuga á hrossarækt.

Reglurnar hafa verið sendar aðildarfélögum Fhb og hvetur stjórn þau til að skila inn athugasemdum sínum til fagráðs.

Erindi frá BÍ varðandi Landsmót ehf. tekið til umfjöllunar. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri fylgi málinu eftir með fundi með formanni Bændasamtakanna. Frekari gögn varðandi erindið send stjórnarmönnum til frekari skoðunar.

Rætt um ávarp yfirdýralæknis á aðalfundi Fhb í nóvember sl. Stjórnarmenn sammála um að æskilegt væri að hitta yfirdýrarlækni og ræða velferð og meðferð hestsins sem og önnur mál er varða greinina og snúa að hlutverki yfirdýralæknis. Formaður mun óska eftir fundi með yfirdýralækni.

Umræða um enn vaxandi áverkaskráningu. Allir sammála um að ekki verði við þetta unað lengur. Rætt um fótabúnað og farið yfir skýrslu áverkaneftndar sem Sigbjörn stýrði. Hugleiðingar um það hvort birting lista yfir áverkafjöldna hjá öllum knöpum yrði áhrifarík og hvort sú leið sé fær. Einnig vert að athuga hvort þær hófhlífar sem eru notaðar séu virki með tilliti til þeirra áverka sem skráðir eru? Formaður fer áfram með málið til fagráðs.

Farið yfir tillögur frá aðalfundi og þeim vísað áfram til úrvinnslu hjá félaginu, fagráði eða öðrum þeim er málið varðar.

Aðeins rætt um **fagråd** og mannbreytingar þar. Ljóst að skipt verður um fjóra fulltrúa í fagráði nú á næstunni.

Stofnverndarsjóður til umræðu. Hlutverk sjóðsins er þekkt og hefur fagráð umsjón með honum. Núverandi reglur um úthlutun gera eingöngu ráð fyrir úthlutun af vaxtafé og þeim greiðslum sem berast í sjóðinn árlega. Umræða hefur verið um sjóðinn og að auka þurfi tekjustreymi hans og úthlutunarmöguleika. Áfram verður unnið í málinu.

Verðskerðingarsjóður - unnið er að endurskoðun á utanumhaldi og úthlutun. Hulda lagði fram og kynnti drög að úthlutunarreglum frá lögfræðingi BÍ. Formaður og framkvæmdastjóri munu fylgja málinu eftir með lögfræðingnum.

Formaður kom með **tillögu um skipun markaðsnefndar** sem kæmi saman í byrjun nýs árs og ynni hugmyndir að markaðs- og kynningarverkefnum. Talað um að leita samstarfs við önnur hagsmunafélög um hugmyndavinnu og samræmingu aðgerða. Ýmsar hugmyndir reifaðar að kynningarefni og verkefnum. Formaður og framkvæmdastjóri vinna áfram að málinu.

Rætt um tillögu að **söluvef á netinu**. Ákveðið að skoða málið til hlítar hafa samband við hlutaðeigandi aðila kanna mögulegan kostnað, umfang og tækifæri verkefnisins. Framkvæmdastjóri og stjórn vinna málið áfram.

Kjör stjórnarmanna rædd sbr. fundarsamþykkt aðalfundar.

Önnur mál:

Erindi frá framkvæmdanefnd framhaldsskólamátsins. Samþykkt að styrkja mótið með logo-auglýsingu fyrir kr. 15.000.-

Fleira ekki gert og fundi slitið rétt fyrir kl. 18.

HGG/hgg